

Viðbrögð við áföllum

Ef áföll koma upp sem tengjast nemendum skólans eða aðstandendum þeirra er áriðandi að það sé tilkynnt skólastjórnendum eins fljótt og auðið er. Skólastjórnendur ákveða frekari viðbrögð eftir eðli málsins og kalla til eftirtalda aðstoðarmenn eftir því sem þurfa þykir.

Skólahjúkrunarfræðingur
Læknir

Sóknarprestur

Sálfræðingur skólaskrifstofunnar.

Skólastjórnendur munu ræða við þessa aðila og leggja þetta undir þá. Þeir gætu þá komið með gagnlegar ábendingar sem tekið verður tillit til.

1.Viðbrögð við slysum

Minniháttar slys

1. Sá starfsmaður skóla sem kemur fyrstur á vettvang tekur að sér stjórn. Stjórn felst í því að sjá til þess að:
 - þeim slasaða sé sinnt.
 - kallað sé á hjálp.
 - nærstaddir séu róaðir.
2. Umsjónarkennari/skólastjóri látnir vita og þeir láta síðan forráðamenn viðkomandi nemenda vita.
3. Skólastjórnendur sjá til þess að slysaskráningarblað sé fyllt út.
4. Farið yfir málið með starfsfólki.
5. Umsjónarkennari ræðir við og vinnur með nemendum ef þurfa þykir.

Alvarleg slys

1. Sá sem kemur fyrstur á vettvang tekur að sér stjórn. Stjórn felst í því að sjá til þess að:
 - Slys sé tilkynnt í 112
 - þeim slasaða sé sinnt.
 - kallað sé á hjálp.
 - nærstaddir séu róaðir.

Skólastjórnendur safna staðreyndum um slysið, ef slys verður í skólaferð sjá umsjónarmenn ferðarinnar um þann þátt og upplýsa skólastjórnendur jafnóðum um gang mála. Skólastjórnendur kalla til aðstoðarmenn. Skólastjórnendur eða aðrir aðstoðarmenn tilkynna forráðamönnum viðkomandi nemenda um atburðinn. Fundur með kennurum og starfsfólki skóla þar sem farið er yfir staðreyndir málsins. Skólastjóri / umsjónarkennari hefur samband við bekkjafulltrúa sem láta aðra foreldra í bekknum vita. Aðstoðarmenn ásamt umsjónarkennara ræða við og vinna með nemendum í einstaka bekkjum sem tengjast málinu.

II. Ýmis áföll er tengjast nemendum

Þegar upp koma alvarleg veikindi nemenda leitar umsjónarkennari upplýsinga um veikindi nemanda. Í kjölfarið er reynt að útskýra veikindin fyrir bekkjarfélögum eins

vel og kostur er og reynt er að vera í góðu sambandi við þann veika.

Ef um skilnað foreldra, alvarleg veikindi aðstandenda, slys í umhverfinu, andlát vina, ættingja eða annað svipað er að ræða fylgist umsjónarkennari með því hvort breyting verði á hegðun, námsárangri eða líðan nemanda í kjölfarið. Þá ber honum að ræða við nemandanum einslega og láta skólastjórnendur vita ef þurfa þykir. Þeir útvega nemandanum viðeigandi aðstoð. Starfsfólk látið vita og umsjónarkennari ræðir við bekkinn ef ástæða er til.

III. Viðbrögð við andláti

Vegna andláts náins aðstandenda nemenda:

1. Skólastjóri leitar staðfestingar á andláti.
2. Umsjónarkennara tilkynnt um andlát viðkomandi.
3. Skólastjóri og/eða umsjónarkennari fara heim til nemanda við fyrsta hentuga tækifæri.
4. Endurkoma nemanda í skólann með tilliti til bekkjarins. Undirbúið í samráði við aðstoðarmenn og jafnvel að einhver þeirra aðila ræði við viðkomandi bekk og nemanda.
5. Bekkurinn aðstoðaður eins lengi og þörf er á.

Vegna andláts nemanda:

1. Skólastjóri leitar staðfestingar á andláti hjá forráðamönnum.
2. Andlát tilkynnt umsjónarkennara viðkomandi nemanda ásamt öðru starfsfólki skóla.
3. Skólastjóri og umsjónarkennari fara heim til nemanda við fyrsta hentuga tækifæri.
4. Skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri ásamt sóknarpresti ræðir við bekk viðkomandi nemanda ásamt umsjónarkennara. (Boðið upp á kveðjustund við dánarbeið í samráði við foreldra.)
5. Skólastjóri / umsjónarkennari hefur samband við bekkjarfulltrúa sem lætur aðra foreldra í bekknum vita.
6. Bekkurinn aðstoðaður eins lengi og þörf er á.

Vegna andláts starfsmanns:

1. Skólastjóri leitar staðfestingar á andláti hjá aðstandanda.
2. Skólastjóri upplýsir allt starfsfólk skólans um andlátið.
3. Umsjónarkennarar tilkynna nemendum andlátið. Ef umsjónarkennari fellur frá tilkynnir skólastjóri umsjónarbekk andlátið.
4. Skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri fer heim til nánustu aðstandenda starfsmanns við fyrsta hentuga tækifæri.
5. Aðstoðarmenn ræða við umsjónarbekk. Boðið upp á kveðjustund við dánarbeið í samráði við aðstandendur.
6. Skólastjóri / umsjónarkennari hefur samband við bekkjarfulltrúa sem lætur aðra foreldra í bekknum vita.
7. Bekkurinn aðstoðaður eins lengi og þörf er á.